

REGLUGERÐ

um smitsjúkdóma og tilkynningarskylda sjúkdóma eða atburði sem falla undir sóttvarnalög.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi kveður á um hvaða smitsjúkdómar og sjúkdómar af völdum eiturefna og geislavirkra efna falla undir sóttvarnalög, nr. 40/2026. Jafnframt hvaða sjúkdómar, sjúkdómsvaldar og atburðir eru tilkynningarskyldir til sóttvarnalæknis, sbr. fylgiskjal.

2. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja virkt og samræmt eftirlit með sjúkdómum, sjúkdómsvöldum og atburðum sem ógnað geta almannaheill. Upplýsingar sem aflað er samkvæmt reglugerð þessari skulu nýtast sóttvarnalækni til faraldsfræðilegrar vöktunar, greiningar, smitrakningar og annarra lögbundinna sóttvarnaaðgerða.

3. gr.

Tilkynningarskylda.

Með tilkynningarskyldu er átt við skyldu til að senda sóttvarnalækni persónugreindar upplýsingar um sjúkling eða sjúkdómstilvik. Tilkynningu um tilkynningarskyldan sjúkdóm, sjúkdómsvald eða óvænta atburði sem ógnað geta heilsu manna skal senda sóttvarnalækni án tafar.

Heilbrigðisstarfsfólki er skylt að skrá upplýsingar um tilkynningarskylda sjúkdóma á þar til gerð eyðublöð eða með stafrænum hætti samkvæmt nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis. Sama gildir um forstöðumenn rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana.

Sóttvarnalæknir heldur farsóttaskrá yfir tilkynningarskylda sjúkdóma sem nýtist til faraldsfræðilegra greininga, vöktunar, smitrakningar og annarra lögbundinna verkefna.

Sóttvarnalækni er heimilt, í þágu faraldsfræðilegrar vöktunar og greiningar á útbreiðslu sjúkdóma, að afla ópersónugreinanlegra tölfræðiupplýsinga um tíðni sjúkdóma og einkenna úr stafrænum sjúkraskrárkerfum og heilbrigðisskrám. Heilbrigðisstofnunum og öðrum þeim sem veita heilbrigðisþjónustu er skylt að verða við beiðni sóttvarnalæknis um afhendingu tölfræðiupplýsinga um smitsjúkdóma sem meðhöndlaðir hafa verið á heilbrigðisstofnun eða hjá öðrum þeim sem veita heilbrigðisþjónustu.

Sóttvarnalæknir gefur nánari fyrirmæli um tilhögun skráningar og tilkynninga í smitsjúkdómaskrá og skrá um sýklalyfjanotkun, meðal annars um hvaða ráðstafanir skuli viðhafðar til að tryggja öryggi persónuupplýsinga varðandi tilkynningarskylda sjúkdóma.

4. gr.

Smitsjúkdómar og sjúkdómar af völdum eiturefna og geislavirkra efna.

Undir sóttvarnalög, nr. 40/2026, falla smitsjúkdómar og sjúkdómar af völdum eiturefna og geislavirkra efna, sbr. fylgiskjal. Sjúkdómar þessir eru jafnframt tilkynningarskyldir til sóttvarnalæknis.

5. gr.

Tilkynningarskyldir atburðir.

Tilkynna skal tafarlaust til sóttvarnalæknis um sérhverja þá atburði sem geta haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar innan lands eða á meðal þjóða heims, þ.m.t. atburði af óþekktri orsök eða uppruna og óvænt aukning sjúkdómstilfella eða dauðsfalla.

6. gr.

Upplýsingar um sýklalyfjanotkun.

Sóttvarnalæknir heldur skrá um notkun fólks á sýklalyfjum sem valdið geta ónæmi sýkla gegn sýklalyfjum. Sóttvarnalæknir fær afhentar upplýsingar úr lyfjagagnagrunni landlækis og frá heilbrigðisstofnunum til að halda skrá um sýklalyfjanotkun. Upplýsingarnar skulu vera ópersónugreinanlegar. Forstöðumönnum heilbrigðisstofnana er skylt að senda sóttvarnalækni upplýsingar um magn sýklalyfja sem notað er á viðkomandi stofnun, skipt eftir deildum þar sem það á við.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 4. gr., 1. mgr. og 1.-3. tölul. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 40/2026 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um skýrslugerð vegna sóttvarna, nr. 221/2012.

Heilbrigðisráðuneytinu, 31. ágúst 2026.

Alma D. Möller.

Guðlaug Einarsdóttir.

Fylgiskjal.

Sjúkdómar og sjúkdómsvaldar sem falla undir sóttvarnalög, nr. 40/2026, eru tilkynningarskyldir og teljast alvarlegir, skv. 3. gr. reglugerðarinnar:

alnæmi (AIDS)
bandormslirfusýki (cysticercosis)
barnaveiki (diphtheria)
beinbrunasótt (dengue)
berklar (tuberculosis) (berklaveiki, berklasmit)
blæðandi veiruhitasóttir (viral hemorrhagic fever)
bólusótt (smallpox)
bótúlismi (clostridium botulinum)
Candidozyma auris, sýking eða berastig (C. auris)
enteróhemórrhagísk E. coli sýking (EHEC)
gulusótt (yellow fever)
Haemophilus influenzae sýking, ífarandi
Hantaveirur
hettusótt (mumps)
hérasótt (tularemia)
HIV sýking
holdsveiki (leprosy)
huldusótt (Q-fever)
karbapenemasa-myndandi sýklar
kampýlóbactersýking (Campylobacter)
kíghósti (pertussis)
klamýdíusýking (Chlamydia trachomatis)
kólera (Vibrio cholerae)
kórónuveirur SARS-CoV, MERS
legiónellusýking (Legionella)
lekandi (gonorrhea)
lifrabólga A (bráð)
lifrabólga B, bráð eða viðvarandi
lifrabólga C
lifrabólga D
lifrabólga E
listeríusýking (Listeria)
Lyme sjúkdómur (borreliósa, Borrelia burgdorferi)

Lyssaveirusýking (hundaæði, rabies)
lömunarveiki (mænusótt, polio)
meningókokkasjúkdómur, ífarandi
miltisbrandur (anthrax)
mislingar (measles)
mítílborin heilabólga (tick-borne viral encephalitis)
MPX veirusýking (mpox)
pneumókokkasýking
príonsjúkdómar, þ.m.t. Creutzfeldt-Jakob-sjúkdómur og afbrigði hans
rauðir hundar, bráðir eða meðfæddir (rubella or congenital rubella syndrome)
salmonellusýking (salmonella)
sárasótt, bráð eða meðfædd eða nýburasýking (syphilis)
shígellusýking (shigella)
sjúkdómar eða bráð sjúkdómseinkenni af völdum eiturefna eða geislavirkra efna sem geta haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar
stífkrampi (tetanus)
streptókokkasýking, ífarandi (Streptococcus pyogenes)
sullaveiki (echinococcosis, hydatid disease)
svarti dauði (yersinia pestis)
toxóplasmásýking, meðfædd
trikínusýking (trichinosis, trichinella spiralis)
zíkaveirusýking, áunnin eða meðfædd (Zika virus)
öldusótt (brucellosis)

Tilkynningarskyldir sjúkdómar sem nægjanlegt er að rannsóknarstofur tilkynni til sóttvarnalæknis:

blóðsýkingar
breiðvirkir betalaktamasamyndandi sýklar (BBL) (þ.m.t. extended-spectrum beta-lactamases, (ESBLs) og AmpC beta-lactamases)
Chikungunya veirusýking
Clostridioides difficile (C. difficile)
giardíasýking (Giardia)
inflúensa
kórónuveira SARS-CoV-2
launsporasýking (cryptosporidium sýking)
malaria
meticillín ónæmur Staphylococcus aureus (MÓSA, MRSA)
Mycoplasma pneumoniae sýking

rótaveirusýking (rotavirus)

RS veirusýking (respiratory syncytial virus, RSV)

taugaveiki/taugaveikibróðir (typhoid/paratyphoid fever)

vancómýcín ónæmir enterókokkar (VÓE, VRE)

vesturnílarveirusótt (West Nile virus)

Tilkynningarskyldir sjúkdómar sem nægjanlegt er að tilkynna ef sjúklingur er lagður inn á sjúkrahús:

hlaupabóla (varicella zoster virus, chicken pox)

ristill (varicella/herpes zoster, shingles)

B deild - Útgáfudagur: 16. september 2026